

Stjórnarfundur í Geðhjálp 31.05.18

1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (MHH).

Fundargerð lesin og samþykkt.

2. Kynning á sjálfsvígsforvarnarstefnu (AGÓ).

Anna Gunnhildur kynnti sjálfsvígsforvarnarstefnuna. Hún tók þátt í mótun hennar fyrir hönd Geðhjálpar. Stjórnin lýsti yfir ánægju með aðgerðirnar, m.a. takmarkanir á aðgengi að hættulegum tækjum og/eða aðstæðum og lágþröskuldabjónustu. Hins vegar var bent á að galli væri að fulltrúa aðstandenda hefði vantað í starfshópinn.

3. Þegar kona brotnar, fyrirlestur um afleiðingar áfalla fyrir kynin, reifun (HJ).

Hrannar sagði að ráðstefnan *Þegar kona brotnar* hefði heppnast mjög vel. Alls sóttu hana hátt í 300 gestir. Upptaka af fyrirlesturum er komin inn á heimasíðu Geðhjálpar. Hrannar lýsti jafnframt yfir ánægju með fyrirlestur Ragnheiðar (Jonnu) Sverrisdóttur um afleiðingar áfalla í æsku fyrir bæði kynin. Hátt í 50 manns sóttu viðburðinn í húsakynnum Geðhjálpar.

4. Útmeð'a framhald, bolahönnun, niðurstöður Gallup mælingar o.fl. (AGÓ).

Þrír hönnuður eru að vinna að bolaskreytingu út frá Útmeð'a hugtakinu. Stefnt er að því að kynna bolina um miðjan ágúst. Bolunum verður dreift í tengslum við Reykjavíkurmaraþonið.

Gallup mæling leiddi í ljós að helmingur þjóðarinnar hafði heyrt um Útmeð'a áður en síðasti áfanginn fór í loftið um miðjan apríl. Önnur mæling verður gerð eftir að áfanganum lýkur í júní.

5. Samstarf við Geðverndarfélagið, fundur með landlækni (HJ).

Geðhjálp mun eiga samstarf við Geðverndarfélagið um komu ACE sérfræðingsins Mark Bellis til landsins frá Bretlandi þann 10. október. Landlæknir er jákvæður gagnvart því að færa ACE prófið inn á www.heilsuvera.is og senda upplýsingabækling til heilsugæslulækna. Hann benti á þróunarmiðstöð heilsugæslunnar í tengslum við nánari útfærslu. Óskað verður eftir fundi með stjórnendum heilsugæslunnar vegna ACE verkefnisins á allra næstu dögum. Stefnt er að því að kynna verkefnið á Alþjóða geðheilbrigðisdeginum þann 10. október.

6. Tilnefningar í ráðgjafahóp vegna nýrrar framkvæmdaáætlunar í barnavernd (HJ).

Samþykkt var að tilnefna Einar Björnsson og Ólöfu Birnu Björnsdóttur í ráðgjafahópinn fyrir hönd Geðhjálpar.

7. Önnur mál, t.a.m. sumarlokun.

Lokað verður á skrifstofu Geðhjálpur seinni tvær vikurnar í júlí.

Samþykkt var að Hrannar og Sveinn Rúnar færu á fund allsherjar- og menntamálanefndar fyrir hönd Geðhjálpur vegna tveggja frumvarpa um jöfnuð og virðingu gagnvart fólki óháð uppruna og bakgrunni.

Einar sagði frá Írlandsferð sinni í tengslum við þátttöku Geðhjálpur í Erasmusverkefni um kennsluefni fyrir hjúkrunarfræðinema. Hann sagði m.a. frá því að notendum í nokkrum löndum hefði verið mismunað í tengslum við greiðslur fyrir vinnu við verkefnið. Hann sagðist myndi gera grein fyrir því í niðurstöðuskýrslu verkefnisins.

Fram kom að búið væri að hanna Geðhjálparskilti utan á húsið.

Fundi var slitið um kl. 18.45.